

Bove gegn Ítalíu

Dómur frá 30. júní 2005

Mál nr. 30595/02

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs

Umgengnisréttur. Athafnaskylda stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærandi, Luigi Bove, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1965. Kærandi á dótturina C, fædda 1995. Þar sem móðir barnsins tálmaði umgengni kæranda við barnið höfðaði hann mál til ákvörðunar um umgengni. Í september 1996 ákvað dómstóllinn að kærandi skyldi njóta umgengni við barnið tvo eftirmiðdaga í viku og annan hvern sunnudag. Eftir að móðir barnsins ásakaði föður kæranda og tvo vini kæranda um að hafa misnotað barnið kynferðislega kvað dómstóllinn upp tímabundinn úrskurð sem takmarkaði umgengni kæranda við barnið við tvö skipti í viku á skrifstofu félagsmálayfirvalda, undir eftirliti. Í janúar 2001 var umgengni hans takmörkuð enn frekar niður í einn eftirmiðdag í viku.

Í apríl 2001 var refsímál á hendur vinum kæranda fellt niður. Kærandi krafðist þess fyrir dómi móðirin yrði svipt forsjá barnsins og honum veitt forsjáin eða þá að hann hefði frjálsan aðgang að barninu. Úrskurðaði dómstóll þann 30. janúar 2003, að samskipti kæranda og barnsins skyldu aukin á ný, en barnið neitaði að hitta hann. Þá mælti dómstóll fyrir um að gerð skyldi lokatilraun með milligöngu sálfræðings til að koma á umgengni milli kæranda og barnsins en barnið neitaði aftur. Fékk kærandi því engin tækifæri til að hitta dóttur sína. Hann fékk síðast að hitta hana í september 2002 undir eftirliti og var móðir barnsins einnig viðstödd.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 8. gr. vegna neitunar um að veita honum forsjá dóttur sinnir og erfiðleika hans við að framfylgja umgengnisrétti.

Niðurstaða dómstólsins

Dómstóllinn benti á að eftir úrskurð sinn 22. júní 2000 hefðu ekki verið brugðist við á neinn hátt til að tryggja að umgengni undir eftirliti gæti farið fram eins og áformað var. Þrátt fyrir að refsímálin á hendur vinum kæranda hafi verið felld niður og faðir hans hafi látist í janúar 2003 komst umgengni ekki á. Þrátt fyrir ákvörðun frá 30. janúar 2003 um að umgengni skyldi aftur aukin var henni ekki framfylgt.

Kærandi hafði ekki séð dóttur sína síðan í september 2002 og yfirvöld höfðu ekki áætlað neina frekari fundi þeirra. Þeir erfiðleikar sem komu upp við skipulag heimsóknna áttu reyndar að hluta til rætur að rekja til fjandskapar móður í garð kæranda og einnig mótþróa barnsins við að hitta föður sinn. Hins vegar taldi dómstóllinn ekki að kærandi gæti talist ábyrgur fyrir því að umgengni fór ekki fram samkvæmt úrskurðum yfirvalda. Athafnaleyssi yfirvalda hafði neytt kæranda til langvinnra og á endanum árangurslausra málaferla í því skyni að koma á umgengni.

Dómstóllinn komst að lokum að þeirri niðurstöðu að aðgerðarleysi um að framfylgja umgengnisrétti kæranda frá september 2002 hefði takmarkað rétt hans til friðhelgi fjölskyldu. Var því talið að 8. gr. hefði verið brotin hvað varðar þann hluta kærunnar.

Hvað varðar neitun um að kærandi fengi forsjá yfir dóttur sinni taldi dómstóllinn að þær ákvarðanir hefðu verið teknar málefnalega og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Því var ekki talið að synjun á kröfu kæranda um forsjá gæti talist brot á 8. gr.

Talið var að niðurstaða dómstólsins fæli í sér nægilegar bætur til kæranda fyrir miska en honum voru dæmdar 3.000 evrur fyrir málskostnaði á grundvelli 41. gr.

Einn dómari skilaði séráliti.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)